

Fundur Öldungaráðs 19. október 2021 kl. 14:30

Mættir:

Valgerður Sigurðardóttir form, Gylfi Ingvarsson, Þórdís B. Kristinsdóttir, Guðlaug Steinsdóttir, Þórarinn Þórhallsson, Magnús Pálsson Sigurðsson og Elísabet Valgeirsdóttir
Gestur er Sjöfn Guðmundsdóttir, deildarstjóri Stuðnings- og stoðþjónustu Hafnarfjarðar.

Ritari: Herdís Hjörleifsdóttir, félagsráðgjafi

Fjarverandi:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð lesin og samþykkt.

2. Þróstur Sigurðsson kynnir heildarstefnumótun fyrir Hafnarfjarðabæ.

Fyrirtækið ARCUR er að vinna að heildarstefnumótun fyrir Hafnarfjarðabæ. Markmiðin eiga að vera mælanleg á næstu 5 til 10 ár og á að tengjast við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmálann.

Verkefni fundarins:

- Er gott að eldast í Hafnarfirði, hverjir eru styrkleikar
- Hverjir eru veikleikar
- Hvaða áskorun mætir eldra fólk
- Getur bærinn stutt betur við aldraða í bænum, hvernig?
- Lýsa æskilegri stöðu er varðar málefni eldra fólks innan Hafnarfjarðar fyrir árið 2035. Margar hugmyndir kviknuðu og góð umræða skapaðist sem Þróstur tók niður og verður í vinnslu hjá þeim næstu mánuði. Niðurstaðan mun síðan birtast á www.heimsmarkmidin.is
Ef fleiri hugmyndir kvikna er hægt að senda þær á throstur@arcur.is

3. Umsögn

- **Umsögn vegna starfsleyfis GKEK ehf.**

Eftirfarandi beiðni barst Öldungaráði Hafnarfjarðar frá Sigríði Matthildi Guðjohnsen, verkefnastjóri Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar vegna akstursþjónustu við fatlað fólk.

„Þann 18. mars 2021 barst Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar umsókn frá Guðnýju Kristínu Einarsdóttur Kjærnested f.h. GKEK ehf. vegna starfsleyfis. Umsóknin er lögð fram skv. 10. gr. [laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991](#) og reglugerð um starfsleyfi til einkaaðila sem veita félagsþjónustu [nr. 1320/2020](#) og 7. gr. [laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018](#) og [reglugerð um starfsleyfi til einkaaðila sem veita þjónustu við fatlað fólk nr. 856/2020](#).



HAFNARFJÖRÐUR

Sótt er um starfsleyfi til að reka stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk skv. 8. gr. laga nr. 28/2018 og 26. gr. laga nr. 40/1991.

Þjónusta GKEK ehf.

Þjónustan miðar að þroskaþjálfun, þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda í Reykjavík, Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. GKEK ehf. er verktaki hjá Ylfu ehf. sem er með starfsleyfi á landsvísu.

Með umsókn um starfsleyfi vegna GKEK ehf. aflaði GEF neðangreindra gagna.

- Sakavottorð forsvarsmanns
- Samþykktir félags
- Ársreikning 2020
- Hæfni og fagmenntun forsvarsmanns
- Áhættumat

Miðað við þau gögn sem aflað var er það mat Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar að umsækjandi uppfylli skilyrði til að reka stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í samræmi við það er nú fyrirhuguð útgáfa starfsleyfis fyrir starfsemina til þriggja ára.

Samkvæmt 7. greinum reglugerða nr. 1320/2020 og nr. 856/2020 skal afla umsagnar eða tilkynna notendaráði í því sveitarfélagi þar sem starfsemin mun fara fram um fyrirhugaða afgreiðslu umsóknar um starfsleyfi. Notendaráð skal veita skriflega umsögn um umsóknina skv. reglugerð nr. 1320/2020.

Í samræmi við það er nú óskað eftir umsögn öldungaráðs Hafnafjarðar. Umsögnin skal byggja á málefnalegum rökum. Æskilegt er að fulltrúar þeirra notenda þjónustunnar sem helst koma til með að nýta sér þjónustu umsækjenda skipi notendaráðið, sé það mögulegt.

Umsögn notendaráðs skal send Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar innan fjögurra vikna frá því tilkynning um fyrirhugaða afgreiðslu á umsókn var send notendaráði. Samkvæmt því rennur umsagnarfrestur út þann 11. nóvember nk.

Kveðja,
Sigríður Matthildur „

Umsögn Öldungaráðs:

Á forsendum ofangreinds gefur Öldungaráð GKEH ehf. jákvæða umsögn.

4. Umsögn

- **Umsögn vegna starfsleyfis Tryggð ehf.**

Eftirfarandi beiðni barst Öldungaráði Hafnafjarðar frá Sigríði Matthildi Guðjohnsen, verkefnastjóri Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar vegna akstursþjónustu við fatlað fólk.



HAFNARFJÖRÐUR

„Þann 13. apríl sl. barst Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar umsókn frá Tryggð ehf. Umsóknin er lögð fram skv. 10. gr. [laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991](#) og reglugerð um starfsleyfi til einkaaðila sem veita félagsþjónustu nr. 1320/2020 og 7. gr. [laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018](#) og [reglugerð um starfsleyfi til einkaaðila sem veita þjónustu við fatlað fólk nr. 856/2020](#).

Sótt er um leyfi til að reka stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk skv. 26. gr. laga nr. 40/1991 og 8. gr. laga nr. 38/2018.

Gögn sem GEF tók mið af við vinnslu umsóknar Tryggðar ehf.

- Hreinu sakavottorði forsvarsmanns
- Samþykktum félags
- Ársreikningi 2020
- Hæfni og fagmenntun forsvarsmanns
- Áhættumati

Miðað við þau gögn sem aflað var er það mat Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar að umsækjandi uppfylli skilyrði til að reka stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk. Í samræmi við það er nú fyrirhuguð útgáfa starfsleyfis fyrir starfseminna til þriggja ára.

Samkvæmt 7. greinum reglugerða nr. 1320/2020 og nr. 856/2020 skal afla umsagnar eða tilkynna notendaráði í því sveitarfélagi þar sem starfsemin mun fara fram um fyrirhugaða afgreiðslu umsóknar um starfsleyfi. Notendaráð skal veita skriflega umsögn um umsóknina skv. reglugerð nr. 1320/2020.

Í samræmi við það er nú óskað eftir umsögn öldungaráðs vegna félagsþjónustu í Hafnarfirði. Umsögnin skal byggja á málefnalegum rökum. Æskilegt er að fulltrúar þeirra notenda þjónustunnar sem helst koma til með að nýta sér þjónustu umsækjenda skipi notendaráðið, sé það mögulegt.

Umsögn notendaráðs skal send Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar innan fjögurra vikna frá því tilkynning um fyrirhugaða afgreiðslu á umsókn var send notendaráði. Samkvæmt því rennur umsagnarfrestur út þann 29. október nk.

Kveðja,
Sigríður Matthildur Guðjohnsen“

Umsögn Öldrunarráðs

Á forsendum ofangreinds gefur Öldungaráð Tryggðs ehf. jákvæða umsögn.

5. Fundur með Fjölskylduráði 24. September 2021

Valgerður greinir frá fundinum með fjölskylduráði vegna vinnu fjárhagsáætlunar fyrir Hafnarfjörð árið 2022 þar sem hún kom eftirfarandi fram fyrir hönd Öldungaráðs:

- Ráðið leggur ætíð og ævinlega áherslu á í ræðu og rit hversu náið samstarf er við öldungaráð af hálfu bæjarstjórnar.
- Öldungaráð brýnir og ítrekar að heimasíða Hafnarfjarðar verði endurskoðuð og einfölduð með tilliti til málefna eldri borgara.
- Lögð er áhersla á að í þjónustuveri sé starfsmaður sem meðal annars er með sérþekkingu á málefnum eldri borgara.
- Brýnt er að fundargerðir ráðsins séu birtar á heimasíðu Hafnarfjarðar.



HAFNARFJÖRÐUR

- Öldungaráð leggur til við fjölskylduráð að endurskoða viðmið á tekjutengingu frístundastyrkja.
- Öldungaráð þakkar Hafnarfjarðabæ ánægjuleg og góð samskipti. Lögð er áhersla á velferð einstaklinga og vörn gegn einmannaleika þegar fólk lifir lengur og væntir farsælla daga á efri árum. Því er skilningur þeirra sem ákvarðanir taka mikilvægar.

6. Önnur mál:

- Fundir Öldungaráðs hafa verið bókaðir í Skerseyri kl. 14:30 eftirfarandi daga:
16. nóvember 2021 - 21. desember 2021 - 18. janúar 2022 - 15. febrúar 2022
15. mars 2022 - 19. apríl 2022 - 17. maí 2022 og 20. júní 2020.
- Gylfi leggur fram tillögu um að múrveggurinn á útisvæði við pottana í Sundhöll Hafnarfjarðar sem snýr að sjónum verði tekinn niður eða lækkaður verulega og í staðinn komi gluggaveggur þannig að sólin komi til með að skína lengur á pottverja og að þeir sjái út á sjóinn. Hann afhenti fundarmönnum mynd af því hvernig útsýnið myndi breytast.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00